

## Stjórnarfundur Myndlistarmiðstöðvar

4.03.2024

Kl. 09:00

Gimli, Lækjargötu 3

### Boðuð á fund:

Elísabet Gunnarsdóttir, formaður, tilnefnd af listasöfnum

Pétur Thomsen, ritari, tilnefndur af Samtökum Íslenskra myndlistamanna

Örn Alexander Ámundason, tilnefndur af Samtökum listamannarekinna myndlistarrýma

Margrét Áskelsdóttir, tilnefnd af Listfræðafélaginu

Ingibjörg Sigurjónsdóttir, tilnefnd af Menningarmálaráðherra

Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar

### Fundardagskrá:

#### 1. Fyrirkomulag á vali á listamanni fyrir Feneyjatvíæringinn 2026.

Umræður um hvaða fyrirkomulag verði notað. Stjórnin vill opna ferlið meira en verið hefur og leita til fleiri fagaðila. Kallað verður eftir tilnefningum frá Fulltrúaráði Myndlistamiðstöðvar ásamt því að bjóða vel völdum aðilum að senda inn tilnefningar og þannig tryggja að þeir sem tilnefna nái yfr sem stærstan hluta af listasenum. Það er einnig vilji stjórnar að ferlið verði sem faglegast með aðkomu bæði stjórnar Myndlistamiðstöðvar, fagráðsins og innlendra sem og erlendra gesta.

Fyrirkomulag á valið á listamanni fyrir Feneyjatvíæringinn 2026 verður eftirfarandi:

#### A. Kallað verður eftir tilnefningum frá öllum fulltrúum í Fulltrúaráði Myndlistamiðstöðvarinnar auk eftirtalinna aðila:

- AIVAG (Artists' in Iceland Visa Action Group)
- Félag sýningarstjóra á Íslandi
- Listvinnzlan
- LungA Skólinn
- Myndhöggvarafélagið í Reykjavík
- Myndlistardeild Listaháskóla Íslands
- Norræna húsið

Hver aðili getur sent inn allt að 10 tilnefningar. Ætlast er til að þeir sem tilnefna ræði við sitt nærumhverfi og þau sem þeir eru fulltrúar fyrir um tilnefningarnar.

Hægt er að tilnefna listamenn, sýningar, listahópa og sýningarstjóra. Ekki er verið að leita að tillögum að fullbúnu listaverki fyrir Feneyjatvíæringinn á þessu stigi.

Valið úr innsendum tillögum verður tvíþætt.

- B. Stjórn Myndlistarmiðstöðvar velur úr öllum innsendum tilnefningum allt að 10 aðila sem fara áfram í næsta skref.
- C. Fagráð Myndlistarmiðstöðvar ásamt tveimur gestum velur úr 10 aðila úrtakinu fulltrúa Íslands á Feneyjartvíæringnum 2026.

Ferlið getur falið í sér fundi eða heimsóknir á vinnustofur, allt eftir eðli innsendra tilnefninga.

Gestir fagráðsins verða bæði innlendir og erlendir.

## **2. Umræða um málefni Palestínskra listamanna.**

Rætt var um með hvaða hætti Myndlistamiðstöð hefur og getur beitt sér fyrir málefnum listamanna frá Palestínu.

Verið er að skoða með hvaða hætti hægt er að vinna í málinu innan vettvangs Feneyjartvíæringnum og með hvaða hætti er vænlegast að nota þá rödd sem við höfum á alþjóðavettvangi.

## **3. Umræða um dagskrá í tengslum við opnun íslenska skálans í Feneyjum.**

Myndlistamiðstöð stendur að tveimur viðburðum í kringum opnun á íslenska skálanum í Feneyjum. Markmið viðburðanna eru að kynna fulltrúa Íslands á Feneyjartvíæringnum og að koma á samtali milli listamanna og alþjóðlegra fagaðila í listheiminum.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 11:30